

Til nemenda, kennara, starfsfólks og forráðamanna.

## **Grunar þig að einhver sé lagður í einelti?**

### **Þá skalt þú:**

**Láta umsjónakennara, deildarstjóra eða skólastjórar vita, sem tilkynnir málið til lausnar-teymis.**

**Eftirfarandi aðgerðaráætlun fer þá í gang:**

- 1. Umsjónakennari kannar málið og hefur samband við heimili nemenda sem hlut eiga að máli.**
- 2. Allir sem koma að nemandanum (skólaliðar, kennarar og annað starfsfólk) fylgjast sérstaklega með barninu næstu 2-3 vikur. Öll samskipti í kringum nemandann eru skráð.**
- 3. Að 2-3 vikum loknum funda umsjónakennari og lausnar-teymi og fara yfir skráningarnar, mat er lagt á hvort um einelti sé að ræða. Nemendaverndarráð fær því næst málið til umfjöllunar og leggur mat á niðurstöður.**
- 4. Umsjónarkennari og fulltrúi úr lausnar-teymi halda fund með forráðamönnum þolanda og þeim kynntar niðurstöður málsins.**
- 5. Ef niðurstöður athugunarinnar leiða í ljós að um einelti sé að ræða er samin viðbragðsáætlun til að stoppa eineltið, mikilvægt er að beita öllum tiltækum ráðum. Ábyrgð lausnar-teymis.**
- 6. Forráðamenn þeirra sem hlut eiga að máli eru boðaðir á fund og rætt er við þolendur og gerendur. Mikilvægt er að sannfæra þá sem hlut eiga að máli að nú verði bundinn endir á þessa hegðun.  
Náist ekki samstarfi við forráðamenn gerenda er málinu vísað til félagsmálayfirvalda, fræðsluskrifstofu eða lögreglu eftir atvikum. Ábyrgð lausnar-teymis.**
- 7. Fjórum vikum eftir fund forráðamanna fer lausnar-teymið yfir málið metur stöðuna, oftast ef þörf krefur.  
Vinnslu eineltismála telst lokið þegar forráðamenn þolanda hafa staðfest með undirskrift sinni að þeir séu sáttir við framkvæmdina og telji að eineltinu sé lokið. Ábyrgð lausnar-teymis.**

Lausnar-teymi skipa kennarar á yngststigi, miðstigi, unglingsstigi, einn skólaliði og deildarstjóri. Teymið hefur umsjón með framkvæmd eineltisathugana, gerð viðbragðsáætlunar og eftirfylgni mála s.s. að boðað sé til funda og að viðtöl við gerendur og þolendur fari fram.

Ef þú hefur tilkynnt grun um einelti til skólans og ekkert hefur verið gert skalt þú senda formlega kvörtun til fræðslunefndar, fræðsluskrifstofu eða nemendaverndarráðs.